
Róbert Marshall (Indlæg)

Forseti. Ég vil segja fyrir hönd flokkahóps miðjumanna að það er mikil ánægja með þá vinnu sem umhverfisnefndin hefur lagt í tillöguna um sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda. Breytingarnar eru heilt yfir til mikilla bóta. Nefndin hefur greinilega litið til Evróputilskipana um ferskvatnsauðlindir, en hefur jafnframt tekið tillit til þeirra áskorana sem heimurinn allur stendur frammi fyrir sem og nauðsynjar aukinnar samhæfingar og sérfræðipækkingar. Miðjuhópurinn styður þær viðbætur sem nefndin hefur sett fram og við teljum að Norðurlöndin hafi mikilvæga þekkingu sem þau geti nýtt í uppbyggingu sjálfbærrar vatnsnýtingar, m.a. í þróunarlöndunum. Málið er brýnt og þarfnast athygli núna.

Við leggjum áherslu á að nauðsynlegt sé að fara strax í sameiginleg skref frekar en skýrsluskrif og ræðuhöld. Eðlilegt næsta skref og það fyrsta eftir samþykkt þessarar tillögu væri bréf til þingmanna Norðurlandanna með ákalli um samhæfingu áður en stefnumótun á sviði vatnsauðlinda fer fram innan Evrópuþingsins milli 2016-2019, eins og sagt er frá í tillögunni.

Ef staða vatnsmála í heiminum er höfð í huga og þær hættur sem varða veginn fram undan er ljóst að margt er hægt að gera og þarf að gera til að koma í veg fyrir hörmungar og þjáningar og það þarf að kortleggja hvar sérfræðikunnáttu er þörf. Við þurfum að setja í forgang aðgerðaáætlun þar sem okkar þekking getur verið nýtt með samhæfðum hætti í þróunarlöndunum.

Skandinavisk oversættelse

Præsident. Jeg vil på vegne af Midtergruppen udtrykke en stor tilfredshed

med det arbejde, som Miljø- og Naturresurseudvalget har lagt i forslaget om en bæredygtig udnyttelse af vandressourcerne. De ændringer, der er foretaget, er gennemgående en forbedring. Udvalget har tydeligvis skelet til EU-direktiver om ferskvandressourcer, men derudover har man taget højde for de udfordringer, som hele verden står overfor, samt behovet for en øget koordination og specialviden. Midtergruppen støtter de tilføjelser, som udvalget er kommet med, og vi mener, at Norden råder over en vigtig viden, som landene kan udnytte ved udbygningen af en bæredygtig udnyttelse af vandressourcerne, bl.a. i udviklingslandene. Sagen haster, og den kræver opmærksomhed med det samme.

Vi lægger vægt på nødvendigheden af at tage fælles skridt prompte i stedet for rapporter og taler. Det næste naturlige skridt og det første efter vedtagelsen af forslaget ville være at sende et brev til nordiske parlamentarikere med et ønske om en koordinering, inden Europaparlamentet vedtager en strategi om vandressourcer for perioden 2016–2019, lige som det fremgår af forslaget.

Med tanke på verdens vandsituation i dag og de farer, der lurder på vejen foran os, står det klart, at meget kan og bør gøres for at forhindre armod og elendighed, og der er behov for at kortlægge, hvor der er brug for specialviden. Vi bør prioritere en handlingsplan hvor vores viden udnyttes koordineret i udviklingslandene.

Information

--

Talenummer

270

Type

Indlæg

Person

[Róbert Marshall](#)

Talerrolle

Midtegrupper

Dato

28.10.15 21:04